

Heiti áfanga: JARÐ3CS05.

Titill: Jarðsaga.

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi á öllum brautum eða kjörsviðsáfangi.

Undanfarar: JARÐ2BB05.

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga:

Stutt lýsing á efni áfangans:

Áfanginn fjallar um sögu jarðar, hvernig jörðin varð til og þróaðist frá upphafi til okkar daga. Saga jarðskorpunnar, lofthjúpsins, hafanna og lífsins er rakin og gerð grein fyrir því hvernig jarðlög verða til, þróast í aldanna rás og hvernig lesa má út úr þeim jarðsöguna. Myndun og jarðsaga Íslands er rakin, gerð er grein fyrir sérkennum landsins í samanburði við önnur lönd og fjallað um sérstakar jarðlagaraðir.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Túlkun jarðlaga: steingervingar, jarðlagafræði og eyður, afstæður aldur jarðlaga, raunverulegur aldur jarðlaga, geislavirkar samsætur, segultímat, aldur jarðar, jarðsögutaflan.

Tímat, jarðsögunnar: forkambríum, fornlífsöld, miðlífsöld, nýlífsöld, tímabil alda, flekahreyfingar, fellingabyltingar, þróun meginlanda og alálfur, þróun lofthjúps, hafs, lífs og útdauðar.

Jarðsaga Íslands: opnun N-Atlantshafs, upphaf Íslands, rekbeltafærslur, samhverfur og andhverfu, jarðlög frá tertíer, Tjörneslögin, kvarter og ísaldarjarðlög, síðjökultími og sjávarstöðubreytingar, jarðlög á nútíma, loftslag og gróðurskeið.

Upphaf mannkyns, öld mannsins og framtíð jarðar.

Námsmat: Áfanginn er **símatsáfangi**. Áfangapróf, verkefni og ástundun eru metin til lokaeinkunnar.